



Frá stjórn

Kæru félagar!

Nú líður senn að útileikum 1994. Í.R.A. menn hafa að venju ýmislegt skemmtilegt á þrjónunum eins og ferð til Flateyjar á Breiðafirði, með “riggið” á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, smíði QRP sendiviðtækja fyrir mörg bönd, ferðir í sumarbústaði og mætti svo lengi telja. Reglur útileikanna eru einfaldar þegar menn hafa kynnt sér þær og skal forðast sem heitan eld að láta þær aftra þátttöku. Seinustu útleikar tókust vel og var þátttaka viðunandi. Ekki reyndust menn þó duglegir við að senda inn dagbækur. Aðeins ein barst með tveimur samböndum. Eigandi hennar, TF3KX telst því sigurvegari útileikanna 1993. Húrra fyrir honum.

Aðalfundur 1994

Aðalfundur Í.R.A. var haldinn þ. 13. febrúar sl. Fundurinn var einn sá besti í elstu manna minnum, en þau eru ákaflega traust hjá félögum í Í.R.A.

Á aðalfundinum var kosin stjórn félagsins. Hana skipa:

Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	formaður
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	varaformaður
Gísli Ófeigsson,	TF3US	ritari
Kristinn Andersen	TF3KX	gjaldkeri
Erling Guðnason	TFSEET	spjaldskrárritari

Varamenn voru kjörnir

Heimir S. Jónsson	TF3TXT
Rúnar Þ. Valdimarsson	TF3RJT

A-og T-Próf

A/T-próf var haldið þann 16.apríl. Sextán manns þreyttu prófið að þessu sinni og stóðust fjórtán. Reyndar hafa ekki allir lokið við alla þrjá hluta prófsins. Prófið skiptist í raffræði- reglugerðar- og verklegan hluta, og morse prófbætist við fyrir þá sem vilja fá A-leyfi. Ekki er nauðsynlegt að taka alla hlutana á sama tíma og er algengt að menn geymi sér morse-prófið. Hér með eru þeir hvattir til að læra hið laufléttu morse stafróf og fá þar með hlutdeild í djúpri sælu HF-bandanna.

Afar ánægjulegt er að sjá hve margir hafa tekið próf undanfarin ár og er óskandi að framhald verði á. Þeir sem hafa hug á að gangast undir próf í haust eru beðnir að láta stjórnarmenn vita af þeirri ósk eða formann prófnefndar, TF3DX.

CEPT-leyfi

Flest ríki Vestur-Evrópu viðurkenna nú svokölluð CEPT-leyfi radíóamatöra. CEPT er evrópsk samtök fjarskiptaefirlita sem hafa sett fram staðlað amatöra leyfi í tveimur flokkum. Þegar þeirra ríkja, sem taka þátt í samstarfinu geta nýtt sín amatöraréttindi í öllum ríkjum sem aðilar eru að samstarfinu án þess að sækja um sérstakt leyfi. Þetta þýðir t.d. að Finni getur farið til Grikklands og farið þar í loftið án þess að sækja um sérstakt leyfi til þess.

Eftir 1. ágúst 1994 mun þetta einnig gilda um Íslendinga. Þannig getum við farið til Austurríkis, Belgíu, Búlgaríu, Kýpur, Tékklands, Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Frakklands, Þýskalands,

Grikklands, Ungverjalands, Írlands, Ítalíu, Lichtenstein, Luxemborgar, Monakó, Noregs, Hollands, Rúmeníu, Slóvakíu, Spánar, Svíþjóðar, Sviss, Tyrklands, Bretlands, Perú, Nýja Sjálands og Ísrael,

farið þar í loftið án þess að biðja yfirvöld um sérstakt leyfi. Við þurfum þó að vara okkur á því að fá sérstakt CEPT-leyfisbréf hjá Fjarskiptaefirlitinu áður en haldið er í ferðina. Leyfin gilda einungis um stöðvar í bílum eða þær sem settar eru upp til bráðabirgða, t.d. á hóteli eða tjaldstæði. Einnig er leyft að nota stöð í eigu amatörs í viðkomandi landi. Þannig getur Íslendingur búsettur í einhverju ofangreindra landa ekki notað CEPT leyfið til að starfrækja stöð, til þess verður hann að fá sérstakt leyfi.

Á sama hátt geta borgarar landanna komið til Íslands og starfrækt sínar bráðabirgðastöðvar, en þurfa sérstakt leyfi ef þeir ætla að setjast hér að og setja upp stöð.

Kallmerkið sem notað er, skal myndað þannig að forskeyti landsins sem heimsótt er skal koma fyrst og síðan kallmerki viðkomandi. Ef TF3US fer t.d. til Spánar og þar í loftið skal hann nota:

EA/TF3US og ef hann er í bíl:

EA/TF3US/M

Stjórn Í.R.A. fagnar því mjög að CEPT leyfin gildi nú fyrir Ísland og Íslendinga.

Félagsfundur um heiðursskjöl

Efnt var til félagsfundar um heiðursskjöl 21.maí sl. Á fundinn kom

heiðursskjalastjóri félagsins Brynjólfur TF5BW. Hann kynnti hugmyndir að nýjum heiðursskjölum (Awards) og mæltust þær vel fyrir hjá fundarmönnum. Einnig sýndi TF5BW hluta þeirra heiðursskjala sem hann sjálfur hefur fengið. Ljóst er að heiðursskjölin eru óþlæggður akur hjá mörgum amatörum og hlusturum og geta áhugasamir snúið sér til TF5BW þurfi þeir hjálp eð upplýsingar um heiðursskjöl.

Á fundinum voru ennfremur afhent skjöl til heiðursfélaga félagsins þeirra TF3SV og TF3AC. Þeir fengu auk þess gullmerki félagsins.

Hugmyndir um QRP-hóp

Á seinustu árum hafa komið fram margar teikningar af einföldum en góðum sendiviðtækjum, einkum QRP á morsi. Á einum fundi sínum ákvað stjórnin að koma af stað hópi QRP-áhugamanna, sem myndi panta sér efni í slík tæki og smíða þau. Nú hefur TF3KX tekið fyrsta skrefið, pantað sendi viðtæki fyrir u.þ.b. 4000þ.kr. Tækið vinnur prýðilega (sjá nánari lýsingu frá TF3KX í þessu blaði). Þeir sem hafa áhuga að vera með í hópnum eru beðnir að skrá sig á lista og hengja hann upp á töflu í félagsheimilinu.

Húsnæðismál

Þeir sem átt hafa leið fram hjá félagsheimilinu hafa væntanlega tekið eftir miklum vegaf framkvæmdum alveg við húsveggina okkar. Þetta hefur orðið til efni sögusagna um að nú sé von á hinu versta, að okkur verði sagt upp leigunni, bústaðurinn jafnaður við jörðu og Í.R.A. standi eftir á götunni. Stjórnin hefur leitað

frétta um þetta hjá húseigandanum, Reykjavíkurborg. Þar fengust þau svör að ekki sé áætlað að rífa húsið við Fyrstugötu 4 á næstunni þrátt fyrir vegaf framkvæmdirnar. Þetta er því óbreytt ástand, ekkert öryggi er fyrir því að húsið verði ekki rífið en ástæðulaust er að óttast að slíkt gerist fyrirvaralaust. Í.R.A. hefur skriflega farið fram á svör þessarar spurningar og er beðið eftir svari.

Húsnæðismálin eru sífellt ofarlega á baugi. Æskilegt væri að félagið fengi betra húsnæði nær miðju bæjarins. Ef félagsmenn hafa ábendingar um betra húsnæði eru þær vel þegnar.

Turna- og loftnetamál

Jóla- og nýársgjöf félagsmanna til Í.R.A. er nú komin í réttar hendur. Nokkrir dugmiklir félagsmenn settu loftnetið upp á turn sem TF30S lánaði félaginu. Svo óheppilega vildi til að verktaki vegaf framkvæmdanna taldi turninn vera fyrir sér og óskaði þess að hann yrði færður. Mjög snögglega var brugðist við óskum verktakans. Nú hafa festingar verið settar niður norðan við húsið og lögð kapalrör frá húsinu að turninum. Vegfarendur munu því á næstunni sjá glæsilega loftnetaaðstöðu TF3IRA.

Hljóðnaður lykill TF5TP

Í maí mánuði s.l. bárust þau sorglegu tíðindi að lykill Þórhalls Pálssonar, TF5TP væri hljóðnaður. Fyrir afrek sín í DX-viðskiptum og góðan orðstý var TF5TP útnefndur heiðursfélagi Í.R.A. Félagmenn kveðja hann með söknuði. Megi sem flestir fylgja því góða fordæmi sem hann sýndi í amatör radíói um áratuga skeið.

Frá gjaldkera ÍRA

Nú fer að stytast í að þeir sem ekki hafa greitt félagsgjöld fyrir liðið ár, 1993, verði strikaðir út af félagskrá eins og lög félagsins kveða á um. Á síðasta aðalfundi var gjaldkera heimilað að framlengja innheimtu fyrir árið 1993 fram eftir þessu sumri en hefja svo innheimtu félagsgjalda fyrir þetta ár.

Eins og gert hefur verið áður, er skuld hvers félagsmanns prentuð á límmiðann á CQ-TF. Þannig er [0] prentað á límmiða þeirra sem eru skuldlausir, [3000] er prentað fyrir þá sem skulda árgjald 1993 (3000 kr.) og hærri upphæðir eru prentaðar fyrir þá sem skulda að auki eldri árgjöld. Þeim sem greitt hafa árgjaldið fyrir 1993 eru nú send félagsskírteini því til staðfestingar, en útgáfa félagsskírteina hefur legið niðri um nokkurra ára skeið. Félagsskírteinin eru gefin út í plastumslögum en að auki má fá plasthlífur með barmnælu og þannig má nota skírteinin sem barmmerki og nafnspjöld. Gjaldkeri hefir ekki enn ákveðið hvort eða hvernig þessum hlífum verði dreift til félagsmanna. Til greina kemur að dreifa þeim með félagsskírteinum ársins 1994, eftir nokkrar vikur.

Félagsgjöldin má greiða með ýmsu móti. Greiða má með giróseðlinum sem sendur var félagsmönnum fyrir nokkru. Ef hann finnst ekki er einfaldast að leggja félagsgjaldið inn á ávísanareikning félagsins í einhverju útibúi Landsbanka Íslands. Reikningurinn er nr. 13995 og er skráður í Miklubrautarútibúi

Landsbankans. Loks má senda ávísun, stílaða á “Íslenzka radióamatöra”, til stjórnar ÍRA (pósthólf 1058, 121 Reykjavík). Frekari upplýsingar veitir gjaldkeri, Kristinn Andersen (TF3KX) í sínum 50028 (heima) eða 878000 (vinnu). 73 de TF3KX

Ódýrt QRP tæki fyrir 40m

Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem fengizt hefur við radiótækni undanfarna áratugi að ærifiðara er að afla efnis í radiótæki og kostnaður við heimasmiðar er sjaldnast samkeppnisfær við verð verksmiðjuframleiddra tækja. Þó eru enn tækifæri fyrir amatöra til að smíða tæki sem eru ódýrari en fjöldaframleiddu tækin og að ýmsu leyti hentugri.

Nýlega pantaði ég ósamsett sendiviðtæki (“kit”) frá QRP-klúbbi á austurströnd Bandaríkjanna fyrir \$40. Eftir söluskatt kostaði tækið mig því aðeins um 3600 krónur. Tækið notar díóðu-stilltan VFO, viðtækið er “super-hetarodyne” með tveggja kristalla síu og sendirinn gefur út um 2W. Þegar þetta er skrifað hef ég prófað viðtækið og eftir fyrstu athuganir vekur athygli að það virðist ekki gefa eins mikið suð og Kenwood sendiviðtækið mitt. Ennfremur virðist tíðni tækisins vera prýðilega stöðug. Það tók þrjú kvöld að ganga frá öllum lóðningum, en eftir er að finna hentugan kassa fyrir tækið. Ég læt betri lýsingu bíða næsta heftis CQ-TF, eftir útileikana í ágúst. Þeim sem hafa áhuga á frekari upplýsingum er velkomið að hafa samband.

Gervihnettir fyrir alla!

1. júní 1956 sendu sovétmenn fyrsta gervitunglið á braut um jörðu og markaði það tímamót í sögu mannkyns, upphaf geimaldar. Radíóamatörar fylgdust grannt með framförum á þessu sviði, og sáu sumir nýjar dyr opnast amatörum. Það var svo árið 1968 sem fyrsti amatörgervihnötturinn fór á braut um jörðu, OSCAR-1 (Orbiting satellite carrying amateur radio). Fyrstu amatörhnettinum voru tilraunahnettir sem sendu upplýsingar um ástand hnattarins með morse eða öðrum háttum. Oscar 7-8 voru fyrstu hnettirnir sem höfðu svokallaða "transpondera" en þeir virka þannig að t.d. 50Khz millitíðni t.d. 435.500-550 er tekin út af móttakara og send í heilu lagi á 2m (t.d. 145.900-950) með nokkurri mögnun allt að 10Db. Þetta gerir mörgum í einu kleift að hafa samband sín á milli á Morse og SSB.

Í dag hafa amatørar skotið hátt í 30 gervihnöttum á braut um jörðu og eruflestir enn í dag virkir. Lang flestir þessara hnatta eru svokallaðir LEO hnettir (Low earth orbit), þ.e. hnettir sem eru í um 1000Km fjarlægð frá jörðu, þeir fara hratt yfir og fara í kringum jörðina á um 1klst og 20 mín, þeir eru aðeins sýnilegir í stuttan tíma 1-17mín. Þessir hnettir eru litlir og eru oftast á packeti. Síðan eru það stórir og öflugir hnettir sem eru á sporöskjulaga braut um jörðu, þeir fara allt að 40.000Km frá jörðu og 600km næst jörðu. Þessir hnettir "sjá" allt að 40% af jörðinni og eru lengi inni allt að 8klst. Það þarf mun meiri búnað til að hafa samband í gegnum þessa hnetti en LEO

hnettina.

Hvaða hnöttur(ir) henta mér? Þetta er algeng spurning, hún ræðst oftast af tækjakosti og peningum. Erfiðast og dýrast er að fara á stóru hnettina en þar þarft þú að hafa eftirfarandi: Fjölhamssendiviðtæki (all-mode transceiver), þ.e. getur sent út bæði hliðarböndin (SSB), hann verður að geta sent og tekið á móti á 2m og 70cm, krossaða yaga eða álíka loftnet sem gefa hringpólun og um 13Dbi í mögnun, 50-100W í sendistyrk og móttökumagnara og az/el rótor. Kostnaður við svona stöð er frá 200.000Kr. Einu virku AO-10,13 stöðvarnar eru starfræktar af TF3TXT, TF3BNT og TF8ITT.

Hinsvegjar til að vera á minni hnöttunum þarf oftast mun minni búnað, þeir eru langflestir á FM og oftast þarf ekki merkilegri loftnet en “ground-plane” eða álíka óstefnuvirk loftnet, Stöðin gæti allt eins verið handstöð sem getur bæði verið á 2m og 70cm (FT-530, TH-78).

Flestir LEO hnettirnir eru svokallaðir packet hnettir, þ.e. stafrænir hnettir, þeir skiptast í tvo flokka: lá og háhraða hnettir, lághraða hnettirnir eru á 1200 bps PSK(phase shifted keying) en hinir á 9600bps AFSK. Til að nota þessa hnetti þarf sérstök modem og þarf oftast að breyta stöðvunum lítillega, þannig henta handstöðvar ekki vegna hversu erfitt er að breyta þeim. Þó eru tveir hnettir sem virka sem FM-endurvarpar, þeir eru AO-21 og AO-27 en á þá er hægt að vinna með handstöð og óstefnuvirkum loftnetum. Þeir sem eiga handstöðvar á 2m eða 70cm ættu að prófa að hlusta á þessa gervihnetti, AO-21 sendir niður á 2m á 145.987 og er hægt að nálgast tíðnina með því að fara á 145.900og nota 12.5Khz skref, AO-27 sendir niður á 70cm á 436.800. Einnig má minna á FO-20sem er með 100KHz analog transponder, þetta er hnöttur sem er orðin mjög vinsæll, hann er á

aðeins hærri hringbraut en hinir LEO hnettirnir, eða um 1600km. Til að nota hann þarf SSB tx á 2m og SSB rx á 70cm.

Svo ég vík aðeins að nafnakerfinu þá er fyrsti stafurinn t.d. A í AO-21 stendur fyrir AMSAT eða þau samtök sem stóðu fyrir smíði hnattarins, t.d. er FO-20 “Fuji” Oscar 20, FO-20 er frá Japan, eins og IO-24 er frá Ítalíu og heitir hann “Itamsat”. RS-11 er hinsvegjar rússneskur hnöttur og stendur RS fyrir “Radio-Sputnik”. Heitin eru oft kölluð kallmerki hnattarins.

Talað er um “Mode” þegar er verið að ræða um á hvaða tíðnum hnötturinn tekur á móti og sendir. Þannig er Mode-B þegar hnötturinn sendir á 2m og tekur á móti á 70cm. Þetta er listi yfir helstu “Móðin”

Mode	UpLink	DownLink
A	2m	10m
B	70cm	2m
J	2m	70cm
S	X	2,4Ghz
(13cm)		
L	1,2Ghz	X
(á AO-13 er downlinkur fyrir Mode-L2m)		
K	15m	10 m
(aðeins RS -12 hefur þetta mód)		

gegnum þessa hnetti, en það eru helst tilraunirnar sem skipta mestu máli í þessum horni áhugamálsins, það mun þó breytast á næstunni, t.d. með komu nýja Phase-3 hnattarins, næsta sumar,

en þá fer minnar bilið á milli stutt- bylgjunar og gervihnattanna peninga- lega séð og tæknilega. Gervihettir eru framtíðin!

73 de TF3BNT

FRÁ HEIÐURSSKJALASTJÓRA.

Góðir félagar hér birtast ykkur reglur um þau heiðurs skjöl sem IRA gefur út en eins og stendur eru þau fimm talsins þar af fjögur sem við getum sótt um en eitt, IRAA skjalið, er að- eins fyrir erlenda Amatöra. Fleiri Heiðurs skjöl eru í undirbúningi og er nú þegar komin tillaga að 50 ára af- mælis Heiðurs skjali IRA en eins og félagsmenn vita þá á IRA 50 ára af- mæli þann 14. Ágúst 1966 þessi til- laga ásamt hinum Heiðurs skjölunum eru til sýnis í félagsheimilinu og eru félagsmenn hvattir til að líta við og skoða skjölin og sérstaklega tillöguna að IRA afmælis skjalinu, láta álit sitt í ljós á því og koma með breytingartil- lögur ef einhverjar eru og koma þeim á framfæri við heiðurs skjalastjóra. Það er ætlun mín, í samráði við rit- stjóra, að reyna að vera með eina til tvær síður í blaðinu með upplýsingum um heiðurs skjöl og hef ég fengið góð- fúslegt leyfi frá KIBV Ted Melinosky sem gefur út "THE KIBV DIREC- TORY OF DX AWARDS" um að mega nota upplýsingar úr bókinni en þessi bók er alger biblíá í heiðurs- skjölum og hvet ég alla sem áhuga hafa á Heiðurs skjölum að kaupa sér eintak. Bókiner gefin út einu sinni á ári og kostar 17.00 dollara í sjópósti

sem er ekki dýrt því að í henni eru upplýsingar um yfir 2000 Heiðurs- skjöl. Heimilisfang Teds er HCR 10- BOX 837A; SPOFFORD; NH 03462;

U.S.A. Að lokum er eitt mál sem mig langar til að minnast á hér en það eru QSL MÁLIN og þá á ég ekki við QSL BUROIÐ. Því miður verður að segjast að Íslenskir Radíóamatórar hafa á sér slæmt orð í QSL málum (Það eru þó til, sem betur fer, heiðar- lega undantekningar). Það er ekki óalgennt að fá nótu með korti sem segir að þetta sé 4,5,6,7,8 TF stöðin sem viðkomandi hefur haft samband við, hann hafi qslað öllum, jafnvel beint, en ekki fengið svar frá einum einasta og maður er nánast grátbeðin um kort þetta ástand er ekki nógu gott, má hreinlega segja að þetta sé til skammar, nú legg ég til að við reynum að reka þennan leiðinda stimpil af okkur og allir sem eigi ósvöruð kort í fórum sínum taki sig til í andlitinu og **SVARI ÞEIM SEM FYRST** þannig að um þetta leiti á næsta ári getum við sagt með sanni að ekki sé eitt einasta QSL kort hjá okkur sem hafi beðið óeðlilega lengi eftir svári.

73 's og góðan DX TF5BW.

HEIÐURSSKJAL VEGNA FIMMTÍU ÁRA AFMÆLIS ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS.

1. Heiðursskjalið stendur til boða öllum Amalör leyfishöfum og Hlusturum.
2. Sambönd þurfa að hafa verið höfð milli klukkan 00.00 1. Janúar 1994 og klukkan 23.59 31. Desember 1994.
3. Það eru engin tíðni eða mótunar takmörk.
4. Kröfur:

Sambönd við að minnsta kosti þrjár Íslenskar Amatör stöðvar. Sambönd við stöðvar sem eru /TF gilda ekki fyrir þetta Heiðursskjal.
5. Sambönd þurfa ekki að vera staðfest en listi sem sýnir unna stöð, dag, mánuð, ár, tíma, tíðni, mótun og styrk og læsileika merkis verður að fylgja umsókn.
6. Fyrsta skjalið sem gefið er út til hvers DXCC-lands verður uppfært sem slíkt.
7. Gjald fyrir HEIÐURSSKJALIÐ “FIMMTÍU ÁRA AFMÆLI ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS” er 8 IRC’ar (eða jafngildi þeirra í Íslenskum krónum sem er í Apríl 1994 440.00 krónur).
8. Umsóknir þurfa að hafa borist Heiðursskjalastjóra ÍRA fyrir klukkan 23.59 30. Júní 1996 því eftir þann tíma verður skjalið ekki gefið út.
9. Umsóknir eiga að sendast til Heiðursskjalastjóra ÍRA:

Brynjólfur Jónsson, TF5BW
Pósthólf 121
602 Akureyri

Ný klúbbastarfssemi

Enn einn nýr Radio Amatör klúbburinn er skriðinn úr egginu. Eru það skátar sem hér eru áferð og fékk hann inni í Skátaheimilinu við Snorrabraut. Hefur hann fengið kallmerkið TF3BIS. Þetta er er 8

annar klúbburinn sem stofnaður er á skömmum tíma, en síðasta haust var stofnaður Radio Amatör klúbbur í Iðnskólanum og eru um 20 manns í honum. Hann hefur ekki fengið kallmerki enn.

IRA ZONE 40 HEIÐURSSKJALIÐ.

1. Heiðursskjalið stendur til boða öllum Amatör leyfishöfum og Hlusturum.
2. Það eru engin tíma takmörk á samböndum.
3. Það eru engin takmörk á tíðnum, en öll samböndin verða að vera með sömu mótun til að hljóta heiðursskjalið, þ.e.a.s. 2XCW eða 2XSSB eða 2XRTTY og svo frv. Séu öll samböndin á sömu tíðni verður Skjalið uppfært sem slíkt sé um það beðið.
4. Kröfur:

Staðfest sambönd við hvert eftir talinna DXCC-Landa sem staðsett eru í CQ-ZONE 40: Ísland (TF), Grænland (OX), Jan Mayen (JX), Svalbarða (JW) og Frans Josef Land (UAI).

DX-stöðvar Eitt staðfest samband við hvert land (Samtals 5 sambönd).

EU-stöðvar: Sama og DX nema að sambönd við 3 mismunandi Íslenskar stöðvar eru skilyrði (samtals 7 sambönd).

TF-stöðvar: Sama og DX nema að sambönd við 15 mismunandi Íslenskar stöðvar eru skilyrði (samtals 19 sambönd).

ATHUGÐ: Sambönd við stöðvar sem eru /TF, /OX og svo frv. gilda ekki fyrir þetta Heiðursskjal.

5. ER listi, staðfestur af tveimur Amatör leyfishöfum eða stjórnarmanni í Amatörfélagi staðarins (í okkar tilfalli ÍRA) verður að fylgja umsókn. Listinn verður að sýna unna stöð, dagsetningu, ár, tíma, tíðni, styrk og læsileika merkis og mótun. Heiðursskjalastjóri ÍRA áskilur sér þann rétt að QSL kort verði lögð fram telji hann þess þörf.
6. Fyrsta skjalið sem gefið er út til hvers DXCC-lands verður uppfært sem slíkt.
7. Gjald fyrir IRA ZONE-40 HEIÐURSSKJALIÐ er 15 IRC'ar (eða jafngildi þeirra í Íslenskum krónum sem er í Apríl 1994 825.00 krónur).
8. Umsóknir eiga að sendast til Heiðursskjalastjóra ÍRA:

Brynjólfur Jónsson, TF5BW
Pósthólf 121
602 Akureyri

HEIÐURSSKJALIÐ “Á HRINGVEGINUM”

1. Heiðursskjalið stendur til boða öllum þeim sem hafa Íslenskt Radíó Amatör leyfi og Íslenskt hlustmerki.
2. Markmið Heiðursskjalsins er að hvetja leyfishafa til að taka tækin með sér, og nota þau, þegar ferðast er um landið.
3. Það eru engin tíðni, mótunar eða tíma takmörk (Það er að segja samböndin geta verið t.d. fimm ára gömul).
4. Samböndin þurfa að hafa verið höfð innan sama almanaksárs.
4. Kröfur:
Að hafa á ferðalagi um Ísland, frá að minnsta kosti fimm kallsvæðum, heyrt til eða haft samband við aðra Íslenska leyfishafa án þess að njóta aðstoðar frá rafveitu eða húsloftneti.
5. Sambönd þurfa ekki að vera staðfest en listi sem sýnir unna stöð, dag, mánuð, ár, tíma, tíðni, mótun og styrk og læsileika merkis verður að fylgja umsókn.
6. Gjald fyrir Heiðursskjalið “Á HRINGVEGINUM” er 8 IRC’ar eða jafngildi þeirra í Íslenskum krónum (Sem er í Apríl 1994 440.00 krónur).
7. Umsóknir eiga að sendast til Heiðursskjalastjóra ÍRA:

Packet.

TF3BBS hefur verið í gangi og hefur töluvert að skeytum verið á honum. Nú er að fara í loftið Internet-Gateway sem staðsett verður til að byrja með í Tæknigarði. Boðið verður upp á svipaða skeyta þjónustu eins og á TF3BBS, með þeirri nýbreytni að skeytunum er raðað í flokka. Skeytin koma frá öðrum “gáttum” víðsvegar úr heiminum. Ef allt fer vel, ætti

gáttin að vera komin í notkun innan fárra vikna. Þegar öllum tæknilegum og pólitískum hindrunum hefur verið rutt úr vegi má veita aðra þjónustu eins og Telnet og FTP og aðgang að **ráðstefnum**, þ.e. “NetNews”. Áhugasamir hafi samband við TF3BNT, en hann hefur umsjón með þessu.

“WORKED ALL NORDIC COUNTRIES” HEIÐURSSKJAL.

1. Heiðursskjalið stendur til boða öllum Amatör leyfishöfum og Hlusturum.
2. Það eru engin tíma takmörk á samböndum.
3. Það eru engin takmörk á tíðnum, en öll samböndin verða að vera með sömu mótun til að hljóta heiðursskjalið, þ.e.a.s. 2XCW eða 2XSSB eða 2XRTTY og svo frv. Séu öll samböndin á sömu tíðni verður Skjalið uppfært sem slíkt sé um það beðið.
4. Heiðursskjalið verður gefið út í þremur flokkum: FLOKK-A, FLOKK-B og FLOKK-C.
5. Kröfur:

Staðfest sambönd við eftirtalin Norðurlanda DXCC-Lönd samkvæmt reglunum. JW-SVALBARÐI, JX-JAN MAYEN, LA-NOREGUR, OH-FINLAND, OHO-ÁLANDSEYJAR, OJO-MARKET RIF, OX-GRÆNLAND, OY-FÆREYJAR, OZ-DANMÖRK, SM-SVÍPJÓÐ og TF-ÍSLAND. Eitt staðfest samband við Ísland er krafa í öllum flokkum.

FLOKKUR-A: Eitt staðfest samband við hvert hinna ellefu landa.

FLOKKUR-B: Staðfest sambönd við átta af löndunum og þar af tvö í CQ-ZONE 40.

FLOKKUR-C: Staðfest sambönd við fimm af löndunum og þar af eitt í CQ-ZONE 40.

ATHUGH): Sambönd við stöðvar sem eru /TF, /OHO og svo frv. gilda ekki fyrir þetta Heiðursskjal.

6. GCR listi, staðfestur af tveimur Amatör leyfishöfum eða stjórnarmanni í Amatörfélagi staðarins (í okkar tilfalli ÍRA) verður að fylgja umsókn. Listinn verður að sýna unna stöð, dagsetningu, ár, tíma, tíðni, styrk og læsileika merkis og mótun. Heiðursskjalastjóri ÍRA áskilur sér þann rétt að QSL kort verði lögð fram telji hann þess þörf.
7. Fyrsta skjalið sem gefið er út til hvers DXCC-lands verður uppfært sem slíkt.
8. Gjald fyrir NORÐURLANDA HEIÐURSSKJALIÐ er 8 IRC'ar (eða jafngildi þeirra í Íslenskum krónum sem er í Apríl 1994 440.00 krónur).
9. Umsóknir eiga að sendast til Heiðursskjalastjóra ÍRA.



Júlí 1994 2. Tbl. 12. Árgangur

Útgefandi: Íslenskir
Radíóamatörar (ÍRA)
Stofnað 14. ágúst 1946.
Pósthólf 1058, 121 Reykjavík
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Bragi Reynisson, TF3BRT

Utanlands

Útlendinganetið er á 14,330 MHz kl.
12:00 á laugardögum og sunnu-
dögum.

80m innanlands

Innanlandstíðnin 3633 kHz, CW og
SSB, einkum á heilu tímum frá kl.
18:00.

2.4 GHz mode-S

Tilraunir eru í gangi með móttöku á
2.4 GHz bandinu frá gervihnöttum.
Notuð eru MMDS loftnet ásamt
tíðnibreytum sem notaðir hafa verið
til móttöku á fjölvarpi Stöðvar 2.
Breytarnir gefa út 122Mhz sem þarf
síðan að breyta aftur yfir á 2m
(144Mhz). Áhugasamir hafi sam-
band við TF3LJ eða TF3TXT.


ÍRA er hið íslenska aðildarfélag að
IARU, IARU Region 1 og NARU

Radíóvitar

Radíóviti í Búrfelli er í lagi, kallmerki
hans er TF1VVV og er senditíðnin
144,970 MHz.

Radíóviti Garðskaga var kominn í
gang, en fyrir nokkrum dögum bilaði
hann aftur. Kallmerki hans er
TF8VHF og er senditíðnin 144,939
MHz.

Radíóviti á 6m TF3SIX er kominn í
gang. Sendir út á 50,0575 MHz.
Tilraunaradíóviti er kominn á 70cm
og sendir út á tíðni 435.350 MHz
FM og er staðsettur í Gufunesi.



1. HVADA REIT ERT DU???

1. Finndu staðsetningu þína í gráðum og mínútum eins nákvæmlega og unnt er.
2. Á kortinu finnur þú fyrstu fjögur táknið eftir því í hvaða ferning þú ert.
3. Fimmta táknið er bólstatur, sem þú finnur í lárettu töflunni eftir lengdarstaðsetningu þinni.
4. Sjöttu táknið er bólstatur, sem þú finnur í lodrettu töflunni eftir breiddarstaðsetningu þinni.

STRÖNG GRÁÐUR

50° 40' 30' 20' 10'

50° 45' 30' 20' 10'

50° 50' 30' 20' 10'

50° 55' 30' 20' 10'

51° 00' 30' 20' 10'

51° 05' 30' 20' 10'

51° 10' 30' 20' 10'

51° 15' 30' 20' 10'

51° 20' 30' 20' 10'

FIMMUTA TÁKNIÐ

TF-ÚTILEIKARNIR

Samantektarblað



Nafn þátttakanda _____ Kallmerki _____

Póstfang _____

Fjöldi meðfylgjandi radiódagbókarblaða _____

Staðsetning í útileikunum _____

Tæki notuð _____ Afli inn _____ wött _____

Þáttökuflokkur _____ ER RA

Ummæli/frásögn/tillögurum breyttar reglur o.s.frv. _____

Niðurstöður: _____

Bönd	P ₅ punktar m/M ₃ =5	P ₈ punktar m/M ₃ =8	P ₁₀ punktar m/M ₃ =10	M1	M2	M3
160 metrar						$5 \cdot P_5 + 8 \cdot P_8 + 10 \cdot P_{10}$ $P_5 + P_8 + P_{10}$
80 metrar						
önnur bönd						
Samtals:						

Lokaárangur = $(P_5 + P_8 + P_{10}) \cdot M1 \cdot M2 \cdot M3 =$ _____

Ég undirritaður staðfesti hér með, að ég hefi í þessum útileikum farið í einu og öllu eftir settum reglum leikanna svo og reglugerð um radióamatörviðskipti á Íslandi.

Staður _____

dagsetning _____

undirskrift/kallmerki _____

RADIÓDAGBÓK TF-útileikarnir

ÁRID

Dagur tími	STÖÐ	Q&G	veg. útg.	SENT		Móttækib		P	M1	M2	M3
				RST-QSO.nr.-QTH-Lofnnet-A/I-ER/RA QTC-tími-kallmerki-tíðni-ákilaboð	RST-QSO.nr.-QTH-Lofnnet-A/I-ER/RA QTC-tími-kallmerki-tíðni-ákilaboð						

